

Viðmið og vísbendingar um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum

Aðlöguð að stefnu og starfsáætlun Reykjavíkurborgar
á skóla- og frístundasviði



Maí 2014

Byggt á útgáfu mennta- og menningarmálaráðuneytis og
Sambands íslenskra sveitarfélaga frá desember 2012

Efnisyfirlit

Formáli	3
Svið I Stjórnun	5
1. Fagleg forysta	5
1.1 Stjórnandinn sem leiðtogi	5
1.2 Stjórnun stofnunar	6
1.3 Faglegt samstarf	7
1.4 Skólaþróun	8
2. Stefnumótun og skipulag	9
2.1 Starfsáætlun og skólanámskrá	9
2.2 Skóladagur nemenda	10
2.3 Verklagsreglur og áætlanir	11
3. Samskipti heimila og skóla	12
3.1 Skólaráð, foreldrafélag	12
3.2 Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	13
Svið II Nám og kennsla	14
1. Nám og námsaðstæður	14
1.1 Inntak og árangur	14
1.2 Skipulag náms og námsumhverfi	15
1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu	16
1.4 Náms hættir og námsvitund	17
2. Þátttaka og ábyrgð nemenda	18
2.1 Lýðræðisleg vinnubrögð	18
2.2 Ábyrgð og þátttaka	19
3. Skóli án aðgreiningar	20
3.1 Menning og viðhorf	20
3.2 Námskrá og áætlanir	21
3.3 Upplýsingamiðlun og samskipti	22
3.4 Starfshættir	23
Svið III Innra mat grunnskóla	24
1. Framkvæmd innra mats	24
1.1 Skipulag og framkvæmd	24
1.2 Gagnaöflun og vinnubrögð	26
2. Umbótastarf í kjölfar innra mats	27
2.1 Opinber birting og umbætur	27
Heimildir og stuðningsefni við gerð viðmiða	28

Formáli

Í lögum um grunnskóla eru ákvæði um mat og eftirlit sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis með skólastarfi. Haustið 2010 var stofnaður faghópur til að meta hvort grundvöllur væri fyrir samstarfi sveitarfélaga og ráðuneytis um reglubundið ytra mat á grunnskólum. Faghópurinn samanstóð af þremur fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og þremur fulltrúum sveitarfélaga auk sameiginlegs verkefnisstjóra ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Faghópnum var falið að móta hugmynd að samstarfi ráðuneytis og sveitarfélaga og lagði hann í mars 2011 fram skriflega tillögu um tilhögun á ytra mati í grunnskólum. Skýrsla faghópsins er aðgengileg á slóðinni: <http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/mat-efirlit-og-rannsoknir-a-skolastarfi/faghopur-um-ytra-mat-a-skolastarfi>

Viðmiðin sem hér fara á eftir, eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig hafðir til hliðsjónar auk Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020¹. Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, s.s. frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Viðmiðin voru yfirfarin á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar vorið 2014 og aðlöguð að stefnu borgarinnar í menntamálum. Að því vann stýrihópur um heildarmat grunnskóla, en í honum sátu á þessum tíma: Birna Sigurjónsdóttir, Björk Ólafsdóttir, Guðrún Edda Bentsdóttir, Hildur Björk Svavarsdóttir, Nanna Kristín Christiansen, Steinunn Ármannsdóttir, Una Björg Bjarnadóttir og Valgerður Erna Þorvaldsdóttir.

Viðmiðin eru sett fram í samfelldu máli. Í viðmiðum er lýst skólastarfi sem er í góðu samræmi við skyldur og tilmæli laga, aðalnámskrár, reglugerða og skólastefnur sveitarfélaga og getur því talist gæðastarf. Viðmiðum fylgja vísbendingar sem ætlað er að leiða matsmenn í athugun sinni á skólastarfinu. Vísbendingarnar eru til stuðnings fyrir matsaðila en ekki litið svo á að þær séu tæmandi lýsing fyrir viðmiðið. Viðmiðunum fylgir kvarði sem segir að hve miklu leyti skólinn uppfyllir þá lýsingu sem sett er fram. Hafa ber í huga að grunnskólar hafa þriggja ára aðlögunartíma að aðalnámskrá 2011 og matið lýsir því stöðu þeirra í innleiðingarferlinu.

Mikilvægt er að hafa í huga við lestur viðmiða að verið getur að einhver viðmið eða vísbendingar eigi ekki við um alla skóla, þar getur smæð skóla meðal annars haft áhrif. Í ytra matinu verður tekið tillit til aðstæðna og sérstöðu í hverjum skóla og gert ráð fyrir að kröfur um tiltekin vinnubrögð eigi ef til vill ekki við í sumum skólum. Horft verður til þess að gæði geta falist í öðru verklagi en sett er fram í þessum viðmiðum og hugað verður að því að skrá og miðla því sem sérstaklega vel er gert.

¹ Unnin sameiginlega og samþykkt af skólamálanefndum Félags grunnskólakennara, Skólastjórafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Viðmiðin fóru til umsagnar í nóvember 2011. Umsagnir og ábendingar bárust frá kennaradeild Hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri, Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Miðstöð skólaþróunar HA, Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs HÍ, Samtökum áhugafólks um skólaþróun, skólamálanefnd Félags grunnskólakennara, skólamálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga, skólamálanefnd Skólastjórafélags Íslands, skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, stjórn Heimilis og skóla og umboðsmanni barna.

Viðmið um gæði í skólastarfi þurfa að vera í stöðugri þróun og endurskoðast reglulega í ljósi reynslu og þróunar í fræðilegri hugsun um mat og skólastarf.

Viðmiðin unnu að ósk mennta- og menningamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga þær Birna Sigurjónsdóttir, Björk Ólafsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir, þær sáu einnig um að endurskoða viðmiðin og vísbendingar sem þeim fylgja.

Svið I Stjórnun²

1. Fagleg forysta

1.1 Stjórnandinn sem leiðtogi

Viðmið um gæðastarf

Skólastjóri sem forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Stjórnandi hefur forystu um að móta sýn og stefnu skólans sem endurspeglar m.a. stefnu Reykjavíkurborgar og áherslur aðalnámskrár. Menntun og velferð allra nemenda er leiðarljós í skólastarfinu ásamt metnaði fyrir góðum árangri hvers og eins. Stjórnandi stuðlar að samhljómi meðal kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra um stefnu og starfshætti. Hann virkjar alla aðila til samstarfs um að hrinda stefnunni í framkvæmd, kynnir stefnuna og talar fyrir henni innan og utan skólans. Stefnan er sýnileg í daglegu starfi og fylgst er reglulega með framgangi hennar í gegnum innra mat. Hann leggur áherslu á gæði náms og kennslu fyrir alla nemendur, brýnir fyrir kennurum og öðru starfsfólki og nemendum að ná góðum árangri og kynnir árangur skólans utan hans og innan.

Vísbendingar

- Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi.
- Stefna skólans er skýrt fram sett og birtist á heimasíðu skólans.
- Áherslur aðalnámskrár og Reykjavíkurborgar endurspeglast í stefnu skólans.
- Starfsmenn þekkja stefnu skólans.
- Foreldrar þekkja stefnu skólans.
- Reglulega er fylgst með hvernig gengur að vinna að stefnu skólans, m.a. með innra mati.
- Skólinn hefur mótað einkunnarorð/gildi skólastarfsins sem allir aðilar skólasamfélagsins³ þekkja.
- Einkunnarorð/gildi skólans eru sýnileg í skólanum og starfi hans.
- Stjórnandi miðlar upplýsingum um gæði skólastarfsins og árangur nemenda í skóla- og frístundastarfi, s.s. á heimasíðu skólans og/eða í fréttabréfum.
- Stjórnendur hvetja kennara markvisst til að auka sífellt gæði náms og kennslu.
- Stjórnendur fylgjast reglulega með námi og kennslu og veita endurgjöf.
- Stjórnendur veita öllu starfsfólki reglulega endurgjöf á störf sín.
- Þegar stjórnandi kynnir skólann leggur hann áherslu á sérstöðu hans og leiðarljós í námi og kennslu.

² Byggir á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, Aðalnámskrá grunnskóla (2011), reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, reglugerð um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010. Lög um náms- og starfsráðgjafa, nr. 35/2009 og Lög um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 86/1998, reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011.

³ Starfsfólk skóla, nemendur og foreldrar mynda skólasamfélagið í hverjum skóla.

1. Fagleg forysta

1.2 Stjórnun stofnunar

Viðmið um gæðastarf

Skólastjóri gerir tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Stjórnendur í skólanum skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist skólastarfinu sem best. Við ráðningar er þess gætt að starfsmaður uppfylli lögbundnar kröfur um menntun, og hafi til að bera þá þekkingu og/eða reynslu sem krafist er í starfinu. Við ráðningu liggur fyrir sakavottorð viðkomandi. Þegar kennslu er skipað niður er tekið mið af menntun og sérhæfingu kennara til að tryggja sem best gæði náms og kennslu. Stjórnendur vinna með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku. Þeir kynna stoð- og sérfræðipjónustu sveitarfélagsins fyrir starfsmönnum og hvetja þá til að nýta hana. Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks, benda starfsmönnum á réttindi sín jafnt og skyldur og veita markvissa endurgjöf á störf. Stjórnendur leysa ágreiningsmál sem upp koma í skólanum. Skjalastjórnun er virk og lögum um meðferð og vörslu persónuupplýsinga er fylgt.

Vísbendingar

- Skipurit liggur fyrir og það endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.
- Starfslýsingar stjórnenda og annarra starfsmanna liggja fyrir.
- Stjórnendateymi⁴ skiptir með sér verkum við stjórnun og miðlar upplýsingum sín á milli.
- Fyrir liggur skráning á menntun og sérhæfingu starfsmanna.
- Við ráðningu nýrra starfsmanna er farið eftir lögbundnu ráðningarferli (s.s. öll störf auglýst, aflað upplýsinga úr sakavottorði, öllum umsækjendum svarað og leitast við að jafna kynjahlutfall).
- Kennarar sinna kennslu sem er í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu.
- Starfsþróunarsamtöl eru regluleg fyrir alla starfsmenn.
- Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur fyrir.
- Jafnréttisáætlun/mannréttindaáætlun liggur fyrir og sem uppfyllir ákvæði mannréttindastefnu borgarinnar.
- Verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum liggja fyrir og unnið er eftir þeim.
- Allir starfsmenn, þ.m.t. verktakar sem vinna að staðaldri fyrir skólann, undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu.
- Unnið er eftir verklagsreglum um skjalastjórnun, persónuupplýsingar eru varðveittar í læstum hirslum eða í læstum skráum í tölvum..
- Starfsfólk fær reglulega fræðslu um öryggismál, slysavarnir og í barnaverndarmálum.
- Reglur hafa verið settar um upplýsingagjöf um nemendur.
- Forgangsroðun í nýtingu fjármagns tekur mið af stefnu skólans og sveitarfélagsins.
- Skólinn er rekinn fyrir það fjármagn sem honum er úthlutað.

⁴ Í stjórnendateymi sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar, skrifstofustjóri og aðrir stjórnendur eftir því sem við á. Í smærri skólum á þetta sjaldnast við.

1. Fagleg forysta

1.3 Faglegt samstarf

Viðmið um gæðastarf

Allir aðilar skólasamfélagsins mynda saman lærdómssamfélag⁵. Í skólanum ríkir það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt, aðilar ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið. Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum. Samstarf um nám og kennslu er reglulegur þáttur í starfi skólans, það er bæði formlegt og óformlegt og miðar alltaf að því að styrkja nám nemenda. Faglegt samstarf kennara fer fram í faghópum, á aldursstigum og/eða árgöngum í samræmi við stefnu skólans og með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Starfsmönnum er falin ábyrgð á því að leiða vinnu í samstarfsteymum og/eða -hópum. Faglegt samstarf er við aðra grunnskóla í grenndinni, skóla á öðrum skólastigum og nærsamfélagið⁶. Stjórnendur hvetja starfsfólk til samvinnu og samráðs, líka þvert á starfsstéttir. Starfsfólk er nemendum fyrirmynd í lýðræðislegum starfsháttum með því að vinna saman, hlusta og taka tillit til sjónarmiða hvers annars. Samráð er haft við hagsmunaaðila⁷ skólasamfélagsins þegar teknar eru ákvarðanir sem varða heildina.

Vísbendingar

- Í stefnu skólans kemur skýrt fram að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð í öllum þáttum skólastarfs og það endurspeglast í samstarfi starfsfólks.
- Samstarf einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila.
- Sett er upp fundaáætlun fyrir skólaárið/önnina sem nær til alls starfsfólks.
- Stjórnendur boða reglulega til starfsmannafunda og kennarafunda.
- Formlegir fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar og aðgengilegar.
- Nauðsynlegum upplýsingum sem varða daglegt starf er miðlað til allra starfsmanna.
- Viðfangsefni samstarfs kennara er fyrst og fremst nám og kennsla og samskipti við nemendur.
- Samstarf við leikskóla er gagnkvæmt og nær yfir fleiri verkefni en skólaheimsóknir nemenda (s.s. samstarf stjórnenda og kennara og samstarfsverkefni).
- Samráð er milli leikskóla og grunnskóla í hverfinu um sameiginlega skipulagsdaga.
- Samstarf við frístundastarf er reglulegt og gagnkvæmt.
- Samstarf er við Tónlistarskóla/skólahljómsveitir og nemendur stunda námið innan skólatíma/með samþykki foreldra.
- Verklag samstarfs og upplýsingamiðlunar milli stofnana og skólastiga er skráð.

⁵ Lærdómssamfélag er gjarnan skilgreint sem hópur sem vinnur saman sem heild að því að ígrunda verkefni, aðstæður og framkvæmd starfs síns og er sífellt að læra og bæta við þekkingu sína. Anna K. Sigurðardóttir. *Studying and enhancing the professional learning community for school effectiveness in Iceland* (2006).

⁶ Um tengsl við nærsamfélagið er fjallað í aðalnámskrá grunnskóla 2011. Þar segir m.a.: Mikilvægt er að skólar byggi upp virk tengsl við nærsamfélag sitt og stuðli þannig að jákvæðum samskiptum og samstarfi við einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir... Þessi tenging snýr t.d. að umhverfi, menningu, listum, íþróttum, félags- og tómstundastarfi og atvinnulífi... Í skólanámskrá skal gera grein fyrir því hvernig tengslum skólans við nærsamfélagið er háttað.

⁷ Hagsmunaaðili skóla er sá sem hefur hagsmuni af velferð og frammistöðu skólans, þeir helstu eru nemendur, foreldrar og starfsmenn auk rekstraraðila (sveitarstjórn og skólanefnd). Aðrir hagsmunaaðilar eru t.d. fræðslufyrirvöld (skólaskrifstofur og mennta- og menningarmálaráðuneyti), verðandi nemendur og foreldrar þeirra, íbúar, framhaldsskólar og atvinnurekendur

1. Fagleg forysta

1.4 Skólaþróun

Viðmið um gæðastarf

Fagleg forysta og markviss leiðsögn er ein meginforsenda fyrir árangursríku þróunarstarfi. Stöðugt og markvisst er unnið að þróun skólastarfsins með hag barna að leiðarljósi. Þróunar- og/eða umbótaáætlun skólans liggur fyrir, hún byggir á stefnu skólans, sveitarfélagsins og fræðsluyfirvalda, svo og innra og/eða ytra mati á starfinu. Stjórnendur hafa frumkvæði að og hvetja starfsfólk til að efla sig í starfi og auka við þekkingu sem nýtist. Símenntunaráætlun tengist þróunar- og umbótastarfi innan skólans, hún er í samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár, en tekur einnig tillit til þarfa einstakra starfsmanna. Stjórnendur hafa forgöngu um innra mat, fela ákveðnum aðila/aðilum ábyrgð á framkvæmd þess og vinna með þeim að matinu.

Vísbendingar

- Þróunar- og/eða umbótaáætlun byggir á stefnu skólans svo og innra og/eða ytra mati á starfinu.
- Skólinn nýtir sér ráðgjöf innan og utan skólans við mótun, framkvæmd og mat þróunarverkefna (s.s. frá sérfræðingum á þjónustumiðstöð, fræðimönnum og starfsfólki skóla- og frístundasviðs).
- Í símenntunaráætlun koma fram áherslur skólans.
- Í símenntunaráætlun kemur fram hvernig einstaklingar sækja símenntun.
- Samræmi er milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar skóla.
- Símenntun kennara og annarra starfsmanna miðar að því að efla þá í starfi (s.s. starfstengt íslenskunám fyrir starfsmenn af erlendum uppruna).
- Kennarar og aðrir starfsmenn eru hvattir til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi.

2. Stefnumótun og skipulag

2.1 Starfsáætlun og skólanámskrá

Viðmið um gæðastarf

Starfsáætlun birtir skipurit, skóladagatal og aðrar upplýsingar sem tilgreindar eru í aðalnámskrá grunnskóla og breytast frá ári til árs. Starfsáætlun er uppfærð árlega með þátttöku starfsfólks skólans, hún er lögð fyrir skólaráð og skólanefnd til staðfestingar. Starfsáætlun skólans, skólanámskrá og námsvísar⁸ eru opinber gögn sem eru aðgengileg öllum hagsmunaaðilum skólasamfélagsins. Menntastefna skólans birtist í skólanámskrá hans. Stefnan er nánari útfærsla á stefnu aðalnámskrár grunnskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags. Í skólanámskrá eru birt gildi sem skólastarfið byggir á og markmið sem snúa að uppeldi, námi og kennslu og faglegri þróun, upplýsingar um innra mat á árangri og gæðum og áætlanir um umbætur og þróunarstarf. Einnig hvernig skólinn hyggst bregðast við margbreytileika nemendahópsins í skóla án aðgreiningar. Gerð er grein fyrir hvernig skólinn uppfyllir fyrirmæli um grunnþættina sex: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun og hvernig þeir birtast í almennu skólastarfi og á einstökum námssviðum. Fram kemur hvernig skólinn metur markmið skólastefnunnar. Skólanámskráin er virk, þ.e. unnið er eftir henni og hún er endurskoðuð reglulega. Allir hagsmunaaðilar skólasamfélagsins koma að stefnumótun og skólanámskrárgerð. Starfsfólk tekur virkan þátt í gerð skólanámskrár, samráð er haft við skólaráð og námskráin lögð fyrir skólanefnd. Í námsvísunum kemur fram hvernig kennarar útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni og öðru skólastarfi fyrirmæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í aðalnámskrá á hverju námssviði. Birtar eru m.a. upplýsingar um inntak náms, námsleiðir, kennsluhætti og námsmat.

Vísbendingar

- Skólanámskrá uppfyllir viðmið sem birt eru í aðalnámskrá
- Skólanámskrá endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins.
- Starfsáætlun uppfyllir viðmið sem birt eru í aðalnámskrá.
- Starfsáætlun endurspeglar áherslur sveitarfélagsins.
- Skóladagatal uppfyllir viðmið um árlegan starfstíma nemenda.
- Starfsáætlun er uppfærð árlega með þátttöku starfsfólks skólans.
- Starfsáætlun er lögð fyrir skólaráð og skólanefnd til staðfestingar.
- Starfsfólk tekur þátt í gerð skólanámskrár og samráð er haft við skólaráð.
- Stjórnendur hafa forgöngu um reglulega endurskoðun skólanámskrár með þátttöku allra hagsmunaaðila.
- Allir aðilar skólasamfélagsins þekkja stefnu skólans eins og hún birtist í skólanámskrá og starfa samkvæmt henni.
- Starfsfólk þekkir stefnu Reykjavíkurborgar um skóla án aðgreiningar og starfar eftir henni
- Framkvæmd skólastefnu er rædd á starfsmannafundum í skólanum og metið hvort markmiðum hefur verið náð.
- Skólanámskrá, þ.m.t. námsvísar er birt á heimasíðu skólans og/eða á annan aðgengilegan hátt.
- Starfsáætlun er birt á heimasíðu skólans og/eða á annan aðgengilegan hátt.

⁸ Námsvísir er hér notað um þann hluta skólanámskrár/starfsáætlunar sem inniheldur upplýsingar um nám og kennslu einstakra námssviða eða námsgreina fyrir hvern árgang/námshóp skólans.

2. Stefnumótun og skipulag

2.2 Skóladagur nemenda

Viðmið um gæðastarf

Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Stundatafla er samfelld með eðlilegum hléum þannig að vinnuálag miðist við aldur nemenda og þroska. Nám nemenda er skipulagt í heildstæðar vinnulotur sem veita tækifæri til að nemendur velji sér viðfangsefni, til samvinnu milli námshópa (bekkja eða árganga), og samþættingu í viðfangsefnum nemenda. Skólinn nýtir svigrúm viðmiðunarstundaskrár t.d. til að taka fyrir námssvið á skemmri tíma en heilum vetri til að þær hafi meira vægi í stundaskrá nemenda ákveðið tímabil. Stundatöflur nemenda bera vott um sveigjanleika í skólastarfinu og bera með sér að skóladagurinn skiptist í vinnulotur með fjölbreyttum verkefnum og að ætlast er til samvinnu nemenda og kennara að verkefnum. Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar fyrir nemendur í 8.-10. bekk þar sem nemendum gefst kostur á að dýpka þekkingu sína á áhugasviði eða með framtíðaráform í huga. Nemendur eiga þess kost að stunda frístundastarf og tómstundir sem hluta af eða í framhaldi af skóladegi. Þátttaka í atvinnulífi, félagslífi, íþróttastarfi eða skipulegt nám við framhaldsskóla, listaskóla og málaskóla er metið til valgreina óski foreldrar eftir því.

Vísbendingar

- Vikulegur kennslutími nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.
- Stundatöflur nemenda eru samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga.
- Nemendur eiga þess kost að stunda frístundastarf og tómstundir sem hluta af eða í framhaldi af skóladegi (s.s. listnám, íþróttir og aðra tómstundaiðju).
- Frímínútur/hvíld/úttivist eru skipulögð með hliðsjón af aldri og þroska nemenda.
- Sveigjanleiki viðmiðunarstundaskrár er nýttur til að skapa samfellu í námi.
- Námsgreinar eru samþættaðar til að gera nám nemenda heildstæðara.
- Nemendahópar (bekkir eða árgangar) eiga sameiginlegan tíma á töflu og þannig kost á samvinnu.
- Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar sem gefa nemendum tækifæri til að dýpka þekkingu á námssviðum og á áhugasviði þeirra.
- Nám nemenda utan skóla er metið til valgreina óski foreldrar eftir því.

2. Stefnumótun og skipulag

2.3 Verklagsreglur og áætlanir

Viðmið um gæðastarf

Skólasamfélagið hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum. Skólareglur eru jákvæðar og viðbrögð við agabrotum lausnamiðuð. Gerð er áætlun um þjónustu við nemendur í skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning í námi og skólastarfi.⁹ Nemendaverndarráð samræmir og skipuleggur þjónustu og stuðning við nemendur. Forvarnaráætlun liggur fyrir í skólanámskrá og er þar aðgengileg öllum aðilum skólasamfélagsins. Í forvarnaráætlun er m.a. að finna áætlun skólans í fíknivörnum og áfengis- og tóbaksvörnum, áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi, áætlun í öryggismálum og slysavörnum og stefnu í agastjórnun og viðbrögð við álitamálum sem koma upp. Verklagsreglur og viðbrögð við einelti eru skilvirkar og allir aðilar skólasamfélagsins þekkja þær. Gerð er áætlun um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda. Fyrir liggur móttökuáætlun¹⁰ fyrir nýja nemendur. Einstaklingsáætlanir eru gerðar þegar tekið er á móti nemendum með annað móðurmál en íslensku og nemendum með sérstakar þarfir.

Vísbendingar

- Leiðir til að viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag eru mótaðar og farið er eftir þeim.
- Í skólanámskrá kemur fram hvað felst í jákvæðum skólabrag.
- Skólareglur liggja fyrir.
- Skólareglur eru sýnilegar í skólastofum.
- Skólareglur og viðbrögð við agabrotum og eru í samræmi við ákvæði í reglugerð.
- Nemendur taka þátt í að móta skólareglur.
- Forvarnaráætlunir liggja fyrir og þeim er fylgt eftir því sem við á.
- Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er eftir þeim.
- Heildaráætlun um sérstakan stuðning við nemendur í skóla án aðgreiningar þ.m.t. verklag um nýtingu fjármagns hefur verið gert og unnið er eftir því.
- Gerð er áætlun um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa námsaðstoð.
- Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur liggur fyrir.
- Móttökuáætlun er gerð fyrir nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu.
- Áætlanir eru gerðar þegar tekið er á móti nemendum með annað móðurmál en íslensku.
- Starfsfólk þekkir verklagsreglur um tilkynningar til Barnaverndar.¹¹
- Unnið er eftir verklagsreglum um öryggi og slysavarnir í skólum (sbr. Handbók sveitarfélaga um öryggi og slysavarnir).

⁹ *Nemendur með sérþarfir* teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir (Rg.585/2010).

¹⁰ Móttökuáætlun vegna nem. með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nem. og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólafærni. (Lug. 91/2008). Í móttökuáætlun fyrir nem. með sérþarfir skal m.a. gera grein fyrir samstarfi innan skólans um skipulag kennslunnar, aðbúnaði, aðstöðu, notkun hjálpartækja, skipulagi einstaklingsnámskrár, kennsluháttum og námsmati, hlutverki umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila innan skólans og samstarfi við foreldra. Tilgreina skal áform skólans um stuðning við nem. til félagslegrar þátttöku og virkni í skólasamfélaginu, svo sem í félagslífi og tómstundastarfi skólans. Í slíkri áætlun skal einnig gera grein fyrir samstarfi við aðra aðila utan skólans (Rg.585/2010).

¹¹ Verklagsreglurnar má finna á heimasíðu Barnaverndarstofu: <http://www.bvs.is/files/file494.pdf>

3. Samskipti heimila og skóla

3.1 Skólaráð, foreldrafélag

Viðmið um gæðastarf

Skólastjóri vinnur með skólaráði sem er virkur samráðsaðili í stjórnun skólans og stefnumörkun. Þeir sem sitja í skólaráði eru fulltrúar umbjóðenda sinna og nýta netið, fundi eða aðrar leiðir til að upplýsa þá um starfsemi ráðsins og leita eftir athugasemdum. Stjórnendur vinna með foreldrafélagi sem er virkur samstarfsaðili skólans, styður við skólastarfið og skipuleggur viðburði sem efla skólabrag og styrkja tengsl foreldra, nemenda og kennara/starfsfólks skólans. Bekkjarfulltrúar eru í hverjum námshópi sem vinna m.a. að því að efla félagsleg tengsl nemenda, foreldra og kennara.

Vísbendingar

- Skólaráð fundar reglulega og hefur sett sér starfsáætlun og vinnureglur.
- Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, skólahald og skólaþróun eru lagðar fyrir skólaráð til umsagnar.
- Foreldrafélag er starfandi við skólann og hefur sett sér starfsreglur.
- Skólareglur eru unnar í samvinnu við skólaráð.
- Fulltrúar í skólaráði eru lýðræðislega valdir af sínum hópi.
- Fulltrúar foreldra í skólaráði eiga sér bakland í foreldrafélaginu/foreldrahópnum.
- Fundir skólaráðs eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Stjórnendur funda reglulega með stjórn foreldrafélags.
- Fundaraðstaða er fyrir foreldra að hittast í skólanum að höfðu samráði við stjórnendur.

3. Samskipti heimila og skóla

3.2 Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Viðmið um gæðastarf

Allt samstarf heimila og skóla hefur það yfirlýsta markmið að stuðla að betri skóla og aukinni velferð nemenda. Lögð er rækt við að byggja upp traust foreldra á skólastarfinu. Stjórnendur og umsjónarkennarar halda uppi virku samstarfi við foreldra með aðstoð annarra kennara skólans, meðal annars með því að kynna námsmarkmið og leiðir að þeim. Allir foreldrar fá þau skilaboð frá skólanum að hlutverk þeirra í námi barnanna sé mikilvægt og samstarfið við þá skipti velferð barns þeirra afar miklu máli. Foreldrar eru velkomnir í skólann, þeir fá tækifæri til að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt. Samskipti við foreldra eru á jafnréttisgrundvelli og einkennast af gagnkvæmri virðingu. Foreldrar eru vel upplýstir um líðan og stöðu barna sinna og hafa góðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið. Foreldrar sýna námi barna sinna áhuga og taka virkan þátt í því. Þeir fylgjast með og styðja við skólagöngu barna sinna og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum.

Vísbendingar

- Kynning á námsmarkmiðum og leiðum til að ná þeim er hluti af virku samstarfi heimila og skóla.
- Stjórnendur og kennarar skapa foreldrum tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna.
- Túlkaþjónusta er notuð í samskiptum við foreldra þegar við á.
- Skipulagðar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í skólastarfinu.
- Foreldrum eru gefin tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna í skólanum.
- Foreldrum er boðin þátttaka þegar hópurinn fer í vettvangsferðir eða heimsóknir.
- Markvisst er leitað eftir tillögum og hugmyndum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfinu og ábendingum þeirra er vel tekið.
- Reglubundnar upplýsingar eru sendar til foreldra um skólastarfið framundan og árangur af einstökum verkefnum (tölvupóstur, töskupóstur, heimasíða, Mentor).
- Foreldrar vita hvert þeir eiga að snúa sér ef þá vantar upplýsingar frá skólanum eða þeir vilja koma ábendingum á framfæri.
- Upplýsingamiðlun til foreldra um árangur í námi er reglubundin og leiðbeinandi.
- Heimasíða skólans er virk og inniheldur réttar og hagnýtar upplýsingar.
- Hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra á erlendum tungumálum eru á heimasíðu skólans.

Svið II Nám og kennsla¹²

1. Nám og námsaðstæður

1.1 Inntak og árangur

Viðmið um gæðastarf

Skólinn er án aðgreiningar¹³, sérhver nemandi fær nám og kennslu sem uppfyllir ákvæði aðalnámskrár. Upplýsingar um markmið náms og kennslu og námsvísar¹⁴ sem koma fram í skólanámskrá byggja á aðalnámskrá og skólastefnu sveitarfélagsins. Skólanámskrá er virkt opinbert verkfæri í skólastarfi, unnin og endurskoðuð reglulega af kennurum og öðru starfsfólki skóla, nemendum og foreldrum. Fylgst er markvisst með árangri sérhvers nemanda, nemendahópa og skólans í heild með það að markmiði að viðhalda góðri stöðu, bæta árangur og efla skólastarf enn frekar.

Vísbendingar

- Skólanámskrá er skýrt fram sett, birt opinberlega og aðgengileg.
- Skólanámskrá er endurskoðuð reglulega og virk í notkun í skólanum.
- Námsvísar/markmið náms eru greinargóð og byggja á aðalnámskrá.
- Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í námsvísunum og sjást í starfi skólans og athöfnum og námi nemenda.
- Stefna sveitarfélagsins endurspeglast í námi nemenda (s.s. stefna Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar, um mannréttindi, um nám nemenda af erlendum uppruna).
- Nemendur og foreldrar þekkja til og nýta sér námsvísa.
- Vakin er athygli á fjölbreyttum árangri og margvíslegum hæfileikum gefinn gaumur, svo sem þátttöku í viðburðum eða samkeppni, árangri í könnunum og prófum á landsvísu eða alþjóðlega.
- Skólinn bætir eða viðheldur stöðu sinni í námi, samskiptum og líðan nemenda.
- Unnið er úr og með niðurstöður námsmats, samræmdra prófa og annars mats með það að markmiði að efla árangur sérhvers nemanda.

¹² Byggir á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, Aðalnámskrá grunnskóla (2011), reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, reglugerð um skólaráð við grunnskóla 1157/2008, reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða nr. 657/2009, Lög um námsgögn nr. 71/2007, reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011.

¹³ Með skóla án aðgreiningar er átt við grunnskóla í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi (Rg.585/2010). Stefna um skóla án aðgreiningar er hluti af skólastefnu Reykjavíkurborgar.

¹⁴ Námsvísir er sá hluti skólanámskrár þar sem sett eru fram námsmarkmið, kennsluhættir og námsmat fyrir hverja námsgrein/námssvið og fyrir hvern árgang.

1. Nám og námsaðstæður

1.2 Skipulag náms og námsumhverfi

Viðmið um gæðastarf

Í skólanámskrá birtast námsvísar með viðmiðum um hæfni í námi og markmiðum sem sýna stigvaxandi kröfur og samhengi í námi. Samfella er í námi nemenda milli skólastiga. Allir nemendur hafa val í námi sínu svo sem um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar. Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að hvetja og styðja við nám. Námsumhverfi hvetur til náms og gefur möguleika á samvinnu nemenda og einstaklingsvinnu. Markmið og tilgangur heimanáms er kynntur foreldrum og nemendum og samráð er haft við þá um umfang og skipulag þess. Umsjónarkennari nýtir nemendasamtöl¹⁵ skipulega og lætur sig varða nám nemenda og líðan.

Vísbendingar

- Áætlanir um nám og kennslu eru skráðar og birtast í námsvísum skólanámskrár.
- Námsvísar sýna stigvaxandi kröfur og samfellu í námi nemenda.
- Gerð er grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.
- Samstarf um nám milli skólastiga, frá leikskóla í grunnskóla og úr grunnskóla í framhaldsskóla er skráð og virkt.
- Nemendur á öllum aldri hafa val um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar hluta námstímans.
- Nemendur á unglingastigi hafa val um námsgreinar og námssvið í um fimmtungi námstímans.
- Fjölbreyttar leiðir og/eða margvísleg námsgögn styðja við nám og kennslu.
- Námsumhverfi og aðbúnaður styður við nám og þarfir allra nemenda og fjölbreytta kennsluhætti.
- Nemendasamtöl eru reglulega, minnst tvö á ári, þar sem umsjónarkennari ræðir skipulega við hvern nemanda sinn um nám og líðan.
- Nemendur og foreldrar vita hver er tilgangur og markmið heimanáms.
- Samráð er haft við foreldra og nemendur um umfang og skipulag, m.a. hvernig heimanám dreifist á tímabil. Hugað að hvernig heimanám, sé um það að ræða, dreifist á vikudaga eða tímabil.

¹⁵ Nemendasamtal/námssamtal er samtal nemanda (foreldra) og umsjónarkennara þar sem farið er yfir nám og líðan nemenda. Nemendur setja sér (með kennara og foreldrum ef við á) markmið í námi, gera áætlun og meta hvernig tekist hefur til með fyrri áætlun.

1. Nám og námsaðstæður**1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu****Viðmið um gæðastarf**

Fagmennska, sérfræði og menntastefna¹⁶ endurspeglast í störfum og skipulagi kennara. Námslotur og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Leitast er við að samþætta námsgreinar þar sem við á. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sniðnir að eðli námssviða, markmiðum náms og þörfum nemenda. Nemendur fást við fjölbreytt og krefjandi viðfangsefni sem stuðla að virkri þátttöku og framförum nemenda. Námsumhverfi er vel nýtt innanhúss og utan með tengslum við samfélagið ef við á. Leiðsögn kennara byggir á reynslu og fyrri námi nemanda og stuðlar að framförum og árangri í námi. Námsmat og endurgjöf er markviss og leiðir til framfara og árangurs nemenda.

Vísbendingar¹⁷

- Kennarar leitast við að vekja og viðhalda áhuga nemenda á náminu.
- Kennarar sýna fagþekkingu á námssviðum sem þeir kenna og sérfræði þeirra nýtist í starfi.
- Kennarar sýna kennslufræðilega hæfni í vettvangsathugunum,
- Kennarar tengja kennslu við fyrri nám nemenda.
- Kennarar skipuleggja kennslu með tilliti til námsmarkmiða og þarfa nemenda.
- Nemendur vinna að heildstæðum og samþættum verkefnum.
- Fjölbreyttir kennsluhættir sjást í vettvangsathugunum og í námsaðstæðum nemenda.
- Nemendur vinna raunhæf verkefni tengd daglegu lífi þeirra.
- Umræður, ígrundun og skoðanaskipti eru hluti af námi og kennslu.
- Markmið kennslustundarinnar eru skýr og sýnileg og vinnubrögð og verkefni valin út frá þeim.
- Námsumhverfi er nýtt á fjölbreyttan hátt.
- Samvinna og samstarf nemenda er markvisst notað til náms og kennslu.
- Nemendur læra að vinna sjálfstætt og fá þjálfun í samvinnu og samstarfi.
- Lögð er rækt við sköpunarþörf og gagnrýna hugsun nemenda.
- Kennarar bera að öllu jöfnu ábyrgð á hópaskiptingu nemenda. Nemendum er skipt í hópa á markvissan en jafnframt fjölbreyttan hátt.
- Kennslustundir eru vel skipulagðar, vel uppbyggðar og tími vel nýttur.
- Kennarar gera nemendum grein fyrir markmiðum kennslustunda.
- Nemendur fást við krefjandi viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins.
- Endurgjöf kennara á vinnu nemenda er leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara í námi.
- Námsmat er leiðbeinandi, byggir á markmiðum náms og hæfniviðmiðum, er fjölbreytt, tengist markmiðum náms, og tekur mið af kennsluháttum.
- Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda.

¹⁶ Í aðalnámskrá grunnskóla birtist menntastefna skólayfirvalda. Sveitarfélög og einstakir skólar móta menntastefnu innan þess ramma og birta í stefnu sveitarfélagsins og í skólanámskrá.

¹⁷ Vísbendingar um margt sem hér er nefnt sjást í vettvangsathugun matsmanna í kennslustundum. Sjá skráningarblað um vettvangsathuganir.

1. Nám og námsaðstæður

1.4. Náms hættir og námsvitund

Viðmið um gæðastarf

Nemendur eru áhugasamir um nám sitt. Leitað er eftir styrkleikum hvers og eins og stuðlað að vitund þeirra um eigin styrkleika og veikleika í námi. Nemendur vinna að markmiðum náms síns með fjölbreyttum leiðum. Nemendur hafa vaxandi ábyrgð við að velja viðfangsefni og námsaðferðir. Nemendur læra að ígrunda eigið nám og þroska og meta gæði vinnu sinnar. Nemendur eru meðvitaðir um styrkleika sína og þarfir í námi.

Vísbendingar¹⁸

- Nám nemenda tekur að hluta mið af áhugasviði þeirra.
- Nemendur fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum og -leiðum.
- Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum og með fjölbreyttum aðferðum.
- Nemendur þekkja og nýta eigin styrkleika í námi.
- Nemendur gera sér grein fyrir og nýta sér mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi.
- Nemendur fá tækifæri til að velja sér námsaðferð eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl¹⁹.
- Nemendur bera stigvaxandi ábyrgð á að velja viðfangsefni og eigin námsaðferðir.
- Nemendur nýta upplýsinga- og samskiptatækni við að afla sér þekkingar og leikni.

¹⁸ Vísbendingar um margt sem hér er nefnt sjást í vettvangsathugun matsmanna í kennslustundum. Sjá skráningarblað um vettvangsathuganir.

¹⁹ Námsstíll: mismunandi aðferðir nemenda við nám eða leiðir sem hver nemandi fer til að ná árangri í námi.

2. Þátttaka og ábyrgð nemenda

2.1 Lýðræðisleg vinnubrögð

Viðmið um gæðastarf

Skólabragur einkennist af jákvæðum anda samstarfs og virðingar. Markvisst er leitað eftir sjónarmiðum nemenda um nám og fyrirkomulag skólastarfs og tekið er tillit til þeirra við skipulag skólastarfsins. Nemendur þekkja leiðir/ferla eða verklag um hvernig þeir geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Leitað er sjónarmiða allra nemenda um námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólastarfs, líðan, félagslegar aðstæður í skólanum og ákvarðanir sem snerta þá. Bekkjarfundir²⁰, nemendafélag og nemendafulltrúar í skólaráði eru virk þannig að sjónarmið nemenda hafa raunveruleg áhrif á námsumhverfi og námstilhögun.

Vísbendingar

- Nemendur fá tækifæri til að tjá sig um málefni er snerta þá og tillit er tekið til sjónarmiða þeirra.
- Til er skráð verklag við að afla sjónarmiða nemenda.
- Nemendur vita hvaða áhrif þeir geta haft á skipulag og framkvæmd náms og námsumhverfi sitt.
- Nemendur fá kennslu og þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til að hafa áhrif.
- Sjónarmið nemenda hafa áhrif á nám þeirra, aðbúnað og aðstæður í skólanum.
- Nemendafulltrúar í skólaráði og á öðrum samstarfsvettvangi skóla fá til þess þjálfun.
- Skólaráð starfar þannig að fulltrúar nemenda eru fullgildir þátttakendur í umræðum og ákvarðanatöku.
- Fulltrúar nemenda í skólaráði eru kosnir lýðræðislegri kosningu.
- Séð er til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja séu eru aðgengilegar öllum nemendum.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.

²⁰ Bekkjarfundur er formlegur, skipulagður umræðuvettvangur nemenda í námshópi eða bekk og (umsjónar)kennara. Markmið bekkjarfunda er að fjalla um sjónarmið og skoðanir nemenda varðandi málefni er snerta líðan, nám og skólastarf þeirra.

2. Þátttaka og ábyrgð nemenda

2.2. Ábyrgð og þátttaka

Viðmið um gæðastarf

Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Nemendur fá þjálfun og eru hvattir til að taka frumkvæði og bera ábyrgð á eigin námi og framkomu. Nemendur gera sér grein fyrir tilgangi náms og kennslu. Markmið náms eru sýnileg og aðgengileg nemendum og foreldrum. Nemendur og foreldrar eru með í ráðum við að setja einstaklingsbundin markmið. Nemendur gera sér grein fyrir hver viðmið um árangur eru og taka þátt í að meta eigin framfarir.

Vísbendingar

- Markmið í námi eru nemendum ljós, hvað varðar námseiningar í heild sinni-bæði langtíamarkmið og skammtíamarkmið.
- Nemendur þekkja markmið og tilgang viðfangsefna einstakra kennslustunda.
- Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi.
- Nemendur taka þátt í að setja sér námsmarkmið.
- Foreldrar eru með í ráðum við setningu einstaklingsbundinna markmiða barna sinna.
- Foreldrum er gert kleift að fylgjast með námsframvindu barna sinna.
- Viðmið um árangur eru skýr, öllum aðgengileg og nemendur þekkja þau.
- Nemendum er kennt að meta eigin vinnu og taka þátt í að meta árangur sinn í námi.
- Nemendur taka þátt í að meta árangur sinn í námi.

3. Skóli án aðgreiningar

3.1 Menning og viðhorf

Í skólanum ríkir sameiginlegur skilningur og sátt um hugmyndafræði skólasamfélags án aðgreiningar þar sem gildi lýðræðis, jafnréttis, mannréttinda og virðingar eru ráðandi. Þessi hugmyndafræði birtist í stefnu skólans og starfsfólks, nemendur og foreldrar/forsjáraðilar taka ábyrgð á og sýna vilja til að framfylgja henni. Allir aðilar skólasamfélagsins, nemendur, starfsfólk og foreldrar eru velkomnir og virtir í skólanum. Jákvæð viðhorf ríkja til margbreytileikans, áhersla er á viðurkenningu og þátttöku allra nemanda og styrkleika hvers og eins. Ríkjandi er viðhorf og væntingar til þess að allir nemendur geti lært, náí bestu mögulegum framförum í námi og að hver nemandi upplifi árangur í námi sínu. Skólastarfið einkennist af jákvæðum skólabrag og jákvæðum starfs- og vinnuanda. Mikilvægi styðjandi skólasamfélags og árangurs í námi er lagt að jöfnu.

Vísbendingar

- Sameiginleg sýn um skóla án aðgreiningar hefur verið mótuð í samvinnu og samræðu starfsfólks, foreldra og nemenda.
- Stefna skólans endurspeglar sýn um skóla án aðgreiningar.
- Skólastjórnendur hafa forystu um að hugmyndafræði um nám án aðgreiningar komist til framkvæmda í skólanum.
- Allir aðilar skólasamfélagsins axla ábyrgð á því að efla skólann, án aðgreiningar.
- Allir aðilar skólasamfélagsins bera sameiginlega ábyrgð gagnvart öllum nemendum.
- Allir nemendur eru velkomnir í skólann.
- Sýnilegt er í skólanum að hann þjónar margbreytilegum hópi einstaklinga.
- Nemendur upplifa sig sem hluta af sínum bekk/námshópi.
- Skólastarf einkennist af samvinnu og stuðningi í nemendahópnum.
- Það er viðurkennt og virt að nemendur hafi ólík markmið.
- Foreldrar og nemendur koma að ákvarðanatöku varðandi skólastarf nemandans.
- Í skólanum ríkir gagnkvæm virðing milli starfsfólks, nemenda og foreldra.
- Foreldrum og nemendum finnst þeir vera virtir í skólanum.
- Miklar væntingar eru gerðar til árangurs allra nemenda og þeir hvattir til að gera miklar væntingar til náms síns.
- Litið er á stuðning við nemendur sem hluta af og eðlilegan þátt í daglegu skólastarfi.

3. Skóli án aðgreiningar

3.2 Námskrá og áætlanir

Viðmið um gæðastarf

Skólanámskrá nær til allra nemenda. Heildaráætlun²¹ um skipulag sérstaks stuðnings við nemendur nær til allra þátta skólastarfs. Nemendur sem þess þurfa fá sérstakan stuðning og gripið er skjótt til aðgerða þegar þarf. Stuðningur við einstaka nemendur byggir á rökstuddri einstaklingsnámskrá sem tekur mið af heildaraðstæðum nemandans. Hver kennari/kennarateymi ber ábyrgð á skipulagi náms allra nemenda í sínum námshópi/-hópum. Nemendur eru virkir þátttakendur í skipulagi náms síns. Áherslur foreldra eru sýnilegar í einstaklingsnámskrám.

Vísendingar

- Heildaráætlun um skipulag sérstaks stuðnings er unnin árlega.
- Í heildaráætlun er gerð grein fyrir hvernig mæta eigi fjölbreyttum hópi nemenda skólans, námslega og félagslega.
- Nemendaverndarráð hefur sett sér starfs- og verklagsreglur sem endurspegla ákvæði í reglugerð.
- Unnið er eftir áætlun/verklagi til að meta hvort í skólanum séu nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda náms- og/eða félagslega og hvernig bregðast skuli við ef stuðnings er þörf.
- Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur er skipulagður með rökstuddri einstaklingsnámskrá innan ramma námskrár bekkjarins/námshópsins.
- Hver kennari/kennarateymi ber ábyrgð á skipulagi náms allra nemenda í sínum námshópi/-hópum.
- Markmið einstaklingsnámskrár eru metin reglulega og námskráin endurskoðuð.
- Hlutverk allra aðila sem að nemandanum koma kemur skýrt fram í einstaklingsnámskrá, einnig samstarf við foreldra og áform um stuðning til félagslegrar þátttöku.
- Nemendur taka þátt í að móta áherslur í eigin einstaklingsnámskrá og skipulagi náms síns.
- Foreldrar taka þátt í að móta áherslur í einstaklingsnámskrá og skipulagi náms barns síns.

²¹Sbr. reglugerð 585/2010 og *Stefnu skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum* (2012) en þar kemur fram að: Í grunnskólum skal árlega vinna áætlun um stuðning í námi og kennslu í samræmi við metnar sérþarfir nemenda. Skólastjóri ber ábyrgð á að áætlunin sé samin og felur umsjónarkennara, sérkennara eða öðrum fagaðila það verkefni í samvinnu við nemendaverndarráð. Áætlunin skal taka til heildarskipulags náms og stuðnings við nemendur með sérþarfir. Ennfremur skal áætlunin taka til annarrar þjónustu við nemendur með fötlun. Áætlunin skal grundvölluð á upplýsingum um heildaraðstæður nemenda og mati á stöðu þeirra í námi.

3. Skóli án aðgreiningar

3.3. Upplýsingamiðlun og samskipti

Skólinn nýtir þjónustu og ráðgjöf frá sérfræðipjónustu sveitarfélagsins. Móttaka og útskrift allra nemenda er með skipulögðum hætti. Samfella er í námi milli skólastiga. Starfsmenn búa yfir þekkingu og reynslu til að mæta náms- og félagslegum þörfum í fjölbreytilegum hópi nemenda. Stjórnendur sjá til þess að þekkingar sé aflað og viðhaldið og reynsla nýtist í starfsmannahópnum. Öll meðferð upplýsinga um einstaklinga fer að lögum um persónuvernd og í samráði við viðkomandi nemanda og foreldra. Heimasíða skólans hefur að geyma leiðbeinandi upplýsingar um skólastarf, þar með talið heildaráætlun. Upplýsingar um skólastarfið eru birtar á sem flestum tungumálum nemenda skólans.

Vísbendingar

- Stjórnendur, kennarar og annað starfsfólk fá sérfræðiráðgjöf vegna fjölbreyttra þarfa nemenda þegar við á.
- Skipulag náms nemenda sem þurfa sérstakan stuðning er unnið í samvinnu umsjónarkennara og annarra fagaðila innan og utan skóla.
- Markvisst er leitað sjónarmiða nemenda og foreldra um nám, námsaðstæður og skipulag með fjölbreyttum leiðum.
- Unnið er eftir skráðu skipulagi um samskipti við leikskóla vegna nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda.
- Viðeigandi gögn og upplýsingar fylgja nemendum frá leikskóla til grunnskóla og milli grunnskóla við skólaskipti.
- Móttökuáætlun fyrir nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda er virk og birt á heimasíðu.
- Stjórnandi sérkennslu heldur reglulega fundi með þeim sem sinna stuðningi og sérkennslu.
- Stjórnendur tryggja að allir starfsmenn skólans fái mikilvægar upplýsingar sem skipta máli vegna velferðar nemenda í skólanum..
- Viðeigandi gögn og upplýsingar fylgja nemendum frá grunnskóla í framhaldsskóla.
- Unnin er einstaklingsbundin áætlun um skólaskil (tilfærsluáætlun) ef við á.
- Starfsreglur um meðferð mála sem berast frá foreldrum m.a. um skráningu og varðveislu, verklag, samstarf og málshraða hafa verið settar og eru sýnilegar á heimasíðu.
- Upplýsingar um skólann, s.s. námskrár, skólareglur, félagsstarf eru veittar öllum aðilum skólasamfélagsins óháð tungumáli eða fötlun.

Aðrar vísbendingar²² sem benda til gæðastarfs

²² Matsmaður skráir ef aðrar vísbendingar koma fram sem benda til gæða.

3. Skóli án aðgreiningar

3.4. Starfshættir

Viðmið um gæðastarf

Starfshættir taka mið af hugmyndafræði náms án aðgreiningar²³. Litið er á margbreytileika sem auðlegð og hann nýttur til að hagsbóta fyrir alla nemendur. Unnið er markvisst að því að koma auga á og ryðja úr vegi hindrunum sem takmarka möguleika nemenda til náms, aukins þroska og virkrar þátttöku. Væntingar eru gerðar til náms allra nemenda. Þeir eru hvattir til árangurs í jákvæðu og sveigjanlegu námsumhverfi sem einkennist af öryggi, vellíðan og viðurkenningu. Nemendur læra á fjölbreyttan hátt og fá viðeigandi stuðning sem fyrst og fremst er veittur innan þess bekkjar/námshóps sem nemandi tilheyrir. Námskrá tekur mið af námslegum, líkamlegum og félagslegum þörfum nemenda.

Vísbendingar

- Starfsfólk vinnur í teymum og deilir með sér ábyrgð á námi og velferð nemendahópsins.
- Kennarar, aðrir fagaðilar innan skólans og sérfræðipjónustu vinna saman að bættum námsaðstæðum nemenda.
- Fagleg samvinna starfsfólks byggir á sameiginlegri ákvarðanatöku um lausnir og útfærslur.
- Starfsfólk leitast við að koma auga á og fjarlægja hindranir í námi nemenda og þátttöku í skólastarfi.
- Starfsfólk hefur samstarf um áætlanir, viðfangsefni og skiptingu verka.
- Kennarar hafa aðgang að margvíslegum björgum m.a. ráðgjöf og stuðningi.
- Kennarar hafa aðgang að ólíkum matsgögnum til að greina stöðu og þarfir nemenda.
- Aðstaða úti og inni sem og tækjabúnaður í skóla tekur mið af þörfum allra nemenda.
- Námsgögn eru aðlöguð fyrir nemendur og þeir læra á fjölbreyttan hátt.
- Stuðningur er að jafnaði veittur inni í bekk/námshópi nemenda.
- Í námi nemenda er lögð áhersla á samræðu og samstarf þeirra.
- Í vettvangsathugunum sést að allir nemendur eru virkir náms- og félagslega.
- Allir nemendur hafa sömu tækifæri til þátttöku í ferðum og viðburðum á vegum skólans.
- Þekking kennara á fjölbreyttum og sveigjanlegum kennsluháttum er sýnileg í starfinu.
- Námsmat er fjölbreytt og tekur mið af ólíkum hæfileikum nemenda.
- Mat á námi nemenda byggir á hæfniviðmiðum sem sett eru fram í einstaklingsnámskrá.
- Nemendur ígrunda nám sitt meðal annars með sjálfsmati og jafningjamati.
- Starfsfólk hvetur nemendur markvisst til að vera stoltir af eigin árangri og virða árangur allra nemenda

²³ Í aðalnámskrá grunnskóla (2011) er fjallað um nám í skóla án aðgreiningar í kafla 7.3. Þar segir m.a.: Með skóla án aðgreiningar er átt við grunnskóla í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir hvers og eins með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Í skóla án aðgreiningar er gengið út frá því að allir fái jöfn eða jafngild tækifæri til náms og námið sé á forsendum hvers einstaklings (s. 41).

Svið III Innra mat grunnskóla²⁴

1. Framkvæmd innra mats

1.1 Skipulag og framkvæmd

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi. Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf, bæði árangur þess og gæði. Í opinberum gögnum skólans kemur fram hverjir bera ábyrgð á framkvæmd matsins. Innra matið nær til allra helstu þátta í skólastarfinu²⁵. Gerðar eru áætlanir um framkvæmd innra mats til skemmri og lengri tíma og þær eru birtar. Innra mat er hluti af daglegu starfi kennara og annarra starfsmanna. Lögð er áhersla á að meta nám og kennslu með reglubundnum hætti. Starfsfólk, nemendur og foreldrar eru virkir þátttakendur í samræðum um áherslur og forgangsröðun í innra mati og um þróun og umbætur í kjölfar innra mats. Þau eiga enn fremur aðild að skipulagi og framkvæmd innra mats. Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila²⁶ eftir því sem við á.

Vísbendingar

- Í skólanámskrá er umfjöllum um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.
- Langtímaáætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann (3-5 ár) liggur fyrir.
- Langtímaáætlun endurspeglar að helstu þættir skólastarfsins eru metnir.
- Áætlun um innra mat fyrir viðkomandi skólaár liggur fyrir.
- Í gögnum um innra mat kemur fram hverjir bera ábyrgð á framkvæmd innra mats (s.s. matsteymi).
- Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer fram með einhverjum hætti reglulega, s.s. með mati skólustjóra á kennslu, jafningjamati kennara og mati á nýjungum í kennsluháttum.
- Mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum er liður í daglegu starfi þeirra.
- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega.
- Starfsfólk tekur þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi, aðkomu skólaráðs, þátttöku í skólaþingum eða með öðrum hætti).
- Nemendur taka þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi, aðkomu skólaráðs, þátttöku í skólaþingum eða með öðrum hætti).

²⁴ Byggir á lögum um grunnskóla nr. 91/2008, Aðalnámskrá grunnskóla (2011), reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskýldu sveitarstjórna um skólahald nr. 658/2009.

²⁵ Lista yfir helstu þætti er t.d. að finna a bls. 5 í Leiðbeiningum og viðmiðum fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat grunnskóla, Björk Ólafsdóttir. 2011.

<http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leiðbeiningar-fyrir-eftirlit-med-innra-mati-grunnskola.pdf>

²⁶ Þegar fjallað er um hagsmunaaðila í tengslum við innra mat skóla er fyrst og fremst átt við starfsfólk skóla, nemendur og foreldra. Rétt er þó að benda á að í sumum tilvikum getur aðkoma rekstraraðila (sveitarstjórn og skólanefnd) og/eða fræðsluskrifstofu að innra mati skóla verið viðeigandi.

Ytra mat á grunnskólum

- Foreldrar taka taka þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi, aðkomu skólaráðs, þátttöku í skólaþingum eða með öðrum hætti).

Hagsmunaaðilar skólastarfsins geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi eða aðkomu skólaráðs).

1. Framkvæmd innra mats

1.2 Gagnaöflun og vinnubrögð

Skólinn notar innra mat til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð. Grunnþættir í menntun, markmið og áhersluþættir grunnskólalaga og skólastefna viðkomandi sveitarfélags endurspeglast í markmiðum skólanámskrár og birtast þannig í innra mati skólans. Innra matið metur leiðir sem farnar eru til að ná markmiðunum. Skilgreind eru viðmið²⁷ um þann árangur sem stefnt er að. Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst. Við öflun gagna eru notaðar fjölbreyttar aðferðir. Val aðferða ræðst af viðfangsefninu og þeim spurningum sem er lagt upp með. Í innra mati er unnið með niðurstöður úr ytra mati.

Vísbendingar

- Skólinn gerir grein fyrir hvernig markmið skólans sem sett eru fram í skólanámskrá eru metin.
- Öll markmið skólanámskrár eru metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti.
- Leiðir að markmiðum, s.s. verkefni, aðferðir, áætlanir og verkferlar, eru hluti af innra matinu.
- Fyrir hvert markmið eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.
- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna.
- Gagna er aflað með aðferðum er hæfa viðfangsefninu og þeim spurningum sem lagt er upp með.
- Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati (s.s. samræmd próf, niðurstöður PISA, kannanir og skimanir sveitarfélags og ytra mat sveitarfélags og ráðuneytis) í innra matið.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.
- Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur.

²⁷ Viðmið er sá árangur sem stefnt er að og einhugur er um í skólasamfélaginu að telst góður árangur.

2. Umbótastarf í kjölfar innra mats

2.1 Opinber birting og umbætur

Hagsmunaaðilar vita hvar þeir geta nálgast greinargerðir, sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur. Dæmi um góða greinargerð er að gerð er grein fyrir: (1) tengslum við stefnu og markmið skólanámskrár, (2) tilgangi matsins, (3) aðferðum við framkvæmd matsins og þátttakendum, (4) viðmiðum, (5) helstu niðurstöðum og (6) styrkleikum og tækifærum til umbóta. Fyllsta trúnaðar við þátttakendur er gætt með því að afmá allar persónugreinanlegar upplýsingar úr greinargerðum. Niðurstöður innra mats eru kynntar hagsmunaaðilum. Við greiningu niðurstaðna eru dregnir fram styrkleikar og tækifæri til umbóta. Umbætur eru skilgreindar og skipulagðar á grunni greiningar á styrkleikum og veikleikum að höfðu samráði við skólaráð. Tímasett áætlun um umbætur er gerð og henni er fylgt eftir með skipulögðum hætti. Umbótaáætlun er skilað árlega til skóla- og frístundasviðs. Í henni kemur fram hverjir bera ábyrgð á verkefnum, hvenær og hvernig árangur er metinn. Allir aðilar skólasamfélagsins upplifa gagnsemi af innra mati. Umbóta- og þróunarstarf einkennist af samvinnu hagsmunaaðila.

Vísbendingar

- Greinargerðir um innra mat eru birtar á heimasíðu skólans eða með öðrum opinberum hætti.
- Umbótaáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans eða með öðrum opinberum hætti.
- Greinargerðir um innra mat eru skýrt fram settar.
- Umbótaáætlanir eru skýrt fram settar.
- Í greinargerð um innra mat koma fram grundvallarupplýsingar um innra matið.
- Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.
- Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð með formlegum hætti.
- Umbótaáætlun er skilað árlega til skóla- og frístundasviðs.
- Í umbótaáætlun eru tilgreindar markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta er þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru.
- Umbótaáætlun er tímasett og hún skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir umbótunum.
- Tilgreint er í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.
- Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.
- Starfsfólk getur á óyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til.
- Nemendur geta á óyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til.
- Foreldrar geta á óyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til.

Heimildir og stuðningsefni við gerð viðmiða

- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti* (2011). Reykjavík: Mennta og menningarmálaráðuneyti.
- Audit Round 2007-2013* (2007). European Social Fund Agency. Flanders.
- Björk Ólafsdóttir (2011). *Leiðbeiningar og viðmið fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat grunnskóla*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
<http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leiðbeiningar-fyrir-eftirlit-med-innra-mati-grunnskola.pdf>
- BRUK – ett verktyg för skattning och utveckling av kvalitet*. Skolverket. Svíþjóð.
www.skolverket.se
- Brynhildur Scheving Thorsteinsson. Júlíus K. Björnsson (2007). *Pirls 2006. Lesleikni í 4. og 5. bekk* Reykjavík. Násmatsstofnun.
- Gæðagreinar 2 – Sjálfsmat skóla*. Fræðsluskrifstofa Skagfirðinga.
<http://skolar.skagafjordur.is/gaedagreinar/>
- Hessischer Referenzrahmen Schulqualität: Qualitätsbereiche, Qualitätsdimensionen und Qualitätskriterien* (2008). Wiesbaden: Institut für Qualitätsentwicklung og Hessisches Kultusministerium. www.iq.hessen.de
- HMIE Inspection Advice Note (2011). HM Inspectorate of Education.
- Hrönn Pétursdóttir (2007). Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
<http://www.samband.is/media/skolamal/Framtidarsyn2020.pdf>
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008
- Lög um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 86/1998
- Lög um námsgögn nr. 71/2007
- Lög um náms- og starfsráðgjafa nr. 35/2009
- Orientierungsrahmen zur Schulqualität für allgemein bildende Schulen in Baden-Württemberg* (2007). Ministerium für Kultus, Jugend und Sport Baden-Württemberg í samvinnu við Landesinstitut für Schulentwicklung. <http://www.schule-bw.de>
- PISA - Programme for International Student Assessment*. OECD. www.oecd.org
- Putting Ontario's Leadership Framework Into Action*. A guide for School & System Leaders (2008). Ontario. The Institute for Education Leadership.
www.education.leadership.ontario.ca
- Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education*. Reykjavík: Rannís.
- Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla.
- Reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnaðis og skólalóða.

Reglugerð nr. 658/2009 um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald.

Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónstu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

School Effectiveness Framework (2010). A support for school improvement and student success, Queen's printer. Ontario.

Schulische Qualität im Freistaat Sachsen: Kriterienbeschreibung (2008).

Radebeul: Sächsisches Bildungsinstitut: Externe

Evaluation. <http://www.sachsen-macht-schule.de>

Sigurlína Davíðsdóttir, Auður Pálsdóttir, Björk Ólafsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Helga Dís Sigurðardóttir, Ólafur H. Jóhannsson og Sigríður Sigurðardóttir (2011). *Leiðbeiningar um innra mat skóla*. Reykjavík: Íslenska matsfræðifélagið. www.eval.is

Skólustefna Kennarasambands Íslands 2011 – 2014. www.ki.is

Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur í grunnskólum (2012).

Reykjavík. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur 2013.

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur 2014.

TALIS- Teaching and Learning International Survey. OECD. www.oecd.org

Viðmið um gæði foreldrasamstarfs (óútgefin viðmið 2011). Reykjavík. Skóla- og frístundasvið.

Ytra mat á grunnskólum. Tillögur til mennta- og menningarmálaráðherra og

skólamálanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga um tilhögun á ytra mati í grunnskólum. Faghópur um ytra mat á grunnskólum, 14. mars 2011.

http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Tillogur-faghops_a-heimasidu.pdf

Leitast var við að hafa allar aðgengilegar skólustefnur sveitarfélaga til hliðsjónar:

Akureyri, Árborg, Borgarbyggð, Dalvíkurbyggð, Djúpavogshreppur, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Garðabær, Garður, Hafnarfjörður, Hornafjörður, Húnaþing vestra, Hvalfjarðarsveit, Hveragerði, Ísafjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Mýrdalshreppur, Reykjanesbær, Reykjavík, Seltjarnarnes, Skagafjörður, Snæfellsbær, Stykkishólmur, Vestmannaeyjar, Vogar, Ölfus.